

Sjálfsmatsáætlun

Grunnskóla Seltjarnarness



Ábyrgðaraðili
Guðlaug Sturlaugsdóttir
skólastjóri

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Grunnskóli Seltjarnarness	5
2.1 Tilgangur og markmið matsins	6
2.2 Matsteymið	7
3. Fræðileg umfjöllun	8
3.1 Ytra mat grunnskóla og áhrif þess á innra mat	8
3.2 Nálganir	9
4. Aðferðir og framkvæmd	10
4.1 Grunnur að sjálfsmatsáætlun	11
4.2 Sérverkefni skóla	13
4.3 Aðrar kannanir	13
4.4 Skimanir stoðþjónustu	13
5. Lokaorð	16
Heimildaskrá	17
Viðauki	18
Fylgiskjal 1 - viðmið um stjórnun	27
Fylgiskjal 2 - viðmið um nám og kennslu	32
Fylgiskjal 3 - viðmið um innra mat	37
Fylgiskjal 4 - mat á kennsluáætlun	40
Fylgiskjal 5 - mat á skólafærni- og lestrarþjálfunar námskeiði fyrir foreldra	42
Fylgiskjal 6 - mat á kennslustund	45
Fylgiskjal 7 - sjálfsmat nemenda, frammistöðumat	46
Fylgiskjal 8 - mat nemenda á kennslustund	50
Fylgiskjal 9 - mat á líðan nemenda	51

1. Inngangur

Í eftirfarandi sjálfsmatsáætlun verður gerð grein fyrir því hvernig sjálfsmati verður sinnt í Grunnskóla Seltjarnarness skólaárin 2014-2017. Tilgangur matsins er að leggja grunn að sívirku umbótastarfi í skólanum, greina þarfir hans fyrir breytingar og umbætur með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Markmiðið er að styrkja innviði starfsins, draga fram það sem vel er gert og benda á það sem betur má fara (Sigurlína Davíðsdóttir o.fl., 2011, bls. 7).

Samkvæmt lögum um grunnskóla (91/2008) ber hverjum skóla að meta starfið með kerfisbundum hætti, í 36. grein stendur:

- Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.
- Grunnskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Í 35 grein er rætt um markmið matsins:

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er að:

- a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
- c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- d. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Það er því að mörgu að hyggja þegar sjálfsmatsáætlun er gerð og nauðsynlegt að vandað sé til verka. Í þessari áætlun verður lögð áhersla á að uppfylla þau markmið sem sett eru skv. lögum og reglugerðum en einnig verður horft til þátta sem matsfræðin leggja áherslu á. Þessu til viðbótar verður horft til viðmiðunarlista vegna ytra mats skóla sem gert er af Námsmatsstofnun fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Í fyrsta kafla kynnumst við Grunnskóla Seltjarnarness, fáum upplýsingar um markmið og tilgang matsins svo og matsteymið. Í öðrum kafla er rætt um áhrif ytra mats á sjálfsmat

skólans, kenningar og nálganir. Í þriðja kafla er komið að sjálfsmatinu sjálfu, aðferðum og framkvæmd, grunni að sjálfsmatsáætlun, öðrum matsverkefnum o.fl. Í viðauka við sjálfsmatsáætlunina er að finna ítarlega lýsingu á grunni sjálfsmatsáætlunarinnar auk fylgiskjala.

2. Grunnskóli Seltjarnarness

Grunnskóli Seltjarnarness varð til við sameiningu grunnskólanna á Seltjarnarnesi, Mýrarhúsa-skóla og Valhúsaskóla, þann 1. ágúst 2004. Mýrarhúsaskóli hafði starfað frá árinu 1875 en Valhúsaskóli var stofnaður árið 1974. Í Grunnskóla Seltjarnarness eru u.þ.b. 500 nemendur á tveimur starfsstöðvum. Við skólann starfa um 100 manns.

Góð íþróttaaðstaða er við skólann en íþróttahús, sundlaug og gervigrasvöllur eru mitt á milli starfsstöðvanna. Tónlistarskólinn er einnig miðsvæðis og er öflugt samstarf á milli skólanna og nemendur geta stundað tónlistarnám á skólatíma. Gott samstarf er einnig við Leikskóla Seltjarnarness sem er skammt frá skólanum.

Félagsmiðstöðin Selið ber hitann og þungann af félagslífi nemenda á unglíngastigi og starfsmenn þess hafa einnig komið að kennslu í félagsmálafræði. Skólaskjól, sem er lengd viðvera fyrir nemendur 1.-4. bekkjar, er starfrækt við skólann.

Í nágrenni skólans eru margar náttúruperlur sem kennarar nýta til að auka fjölbreytni kennslunnar. Í Gróttu er fjölskrúðugt fuglalíf, gífurlegur fjöldi plantna og fjölbreytt lífríki sem vert er að skoða. Þar er fræðasetur sem skólinn hefur aðgang að og góð aðstaða fyrir ýmiss konar kennslu. Aðrir áhugaverðir staðir í nágrenni skólans eru t.d. Seltjörn, Bakkavík, Bakkatjörn og Valhúsahæð.

Í Grunnskóla Seltjarnarness er nemandinn í brennidepli, líðan hans og þarfir. Stefnt er að því að nemendur njóti og hafi gleði af námi í hvetjandi umhverfi sem virkjar frumkvæði þeirra, hugvit og sköpunargáfu.

Vinnuframlag nemenda hefur áhrif á námsmat og áhersla er lögð á að gera nemendur ábyrga fyrir námi sínu. Skólinn nýtir upplýsingatækni í námi og kennslu þar sem það hentar, leggur áherslu á heilbrigðan metnað, alhliða þroska og menntun hvers og eins, jákvæðan aga og virka þátttöku alls skólasamfélagsins.

Áhersla er lögð á að laða að og halda í metnaðarfullt starfsfólk sem vinnur að því að byggja upp jákvæða sjálfsmynd nemenda þar sem gagnkvæm virðing og góð samskipti eru höfð að leiðarljósi. Lögð er áhersla á stöðuga símenntun starfsfólks og að starfsumhverfi sé í stöðugri endurskoðun, endurmati og þróun.

Boðið er upp á heitan mat í hádeginu alla skóladaga og er maturinn eldaður í Mýrarhúsaskóla.

Einkunnarorð skólans eru virðing, ábyrgð og vellíðan og er þeim ætlað að gefa tóninn fyrir skólabraginn og vera leiðarljós í öllu starfi skólans.

Skólinn starfar eftir skólastefnu Seltjarnarness sem birt er á vefsíðu skólans og á vefsíðu bæjarins www.seltjarnarnes.is.

2.1 Tilgangur og markmið matsins

Í *Leiðbeiningum um innra mat* (2011, bls. 7) sem tekur voru saman að frumkvæði Íslenska matsfræðifélagsins kemur fram að tilgangur innra mats skóla sé tvenns konar. Í fyrsta lagi er horft til þess að þeim fjármunum sem settir eru í skólastarfið sé vel varið en auk þess gegnir matið því hlutverki að styðja við innviði starfsins og aðstoða starfsfólk við að gera það betra.

Tilgangurinn er því eins og fram kom í inngangi að leggja grunn að sívirku umbótastarfi í skólanum og greina þarfor hans fyrir breytingar og umbætur með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Ekki má gleyma því að skólastarf snýr fyrst og fremst að nemendum og fjölbreyttum árangri þeirra. Þess vegna er mikilvægt að huga að öllum sviðum skólastarfsins en þau hafa vissulega áhrif á námsárangur.

Í matinu verður hugað að þáttum eins og skólastjórnuninni, faglegri þróun starfsfólks, nýtingu bjarga, skipulagningu kennslu, virkri þátttöku nemenda og starfsfólks í starfi skólans, gæðaþróun o.s.frv. (Sigurlína Davíðsdóttir o.fl., 2011, bls.7).

Sjálfsmatsáætlun Grunnskóla Seltjarnarness er sett upp út frá fyrrnefndum viðmiðum. Hugmyndin er að styðjast fyrst og fremst við formlegt mat, þar sem trausta upplýsinga er aflað á kerfisbundinn hátt til að meta gildi og gæði þjónustunnar, og leiðsagnarmat þar sem meta á þjónustuna með það í huga að það nýtist þeim sem starfa í skólanum og leiði til þess að þjónustan verði eflað og styrkt.

Þrátt fyrir að fyrst og fremst sé horft til innra mats í þessari áætlun fléttast ytra mat einnig inn í matið. Skólinn nýtir kannanir sem gerðar eru af utanaðkomandi aðilum til að greina stöðu og þarfor innan skólans og er það mikilvæg viðbót við innra matið.

Eins og fram kom í lýsingu á skólanum hér fyrir framan leggur skólinn áherslu á nemandann og þarfor hans. Með hliðsjón af því verður lagt mat á eftirfarandi þætti:

1. Hvort skólinn hafi skýra sýn og styrka stjórn?

2. Hvort kennsluhættir og mat mæti ólíkum þörfum nemenda og bæti árangur þeirra?
3. Hvort nemendum líði vel í skólanum og hvort þeir hafi áhuga á náminu?
4. Hvort það sé góður starfsandi í skólanum að mati starfsmanna og áhugi á skólaþróun?
5. Hvort foreldrar séu ánægðir með samstarfið á milli heimila og skóla?

Verkefnið er umfangsmikið en margir koma að því og því teljum við það gerlegt. Nauðsynlegt er að minna á að

Mat á skólastarfi getur haft verulegt gildi ef það er vel unnið. Það er ekki greiði við neinn að halda áfram að veita kennslu sem ekki skilar þeim árangri sem vænst var og það er mikilvægt að bæta skólastarf svo að það skili eins góðum árangri og mögulegt er. (Sigurlína Davíðsdóttir, 2013, bls. 24)

Matið lagar ekkert eitt og sér heldur það sem gert er í kjölfarið því er lögð áhersla á að gera matið skýrt og aðgengilegt og birta sjálfsmatsáætlun, umbótaáætlun svo og allar niðurstöður á vefsíðu skólans.

2.2 Matsteymið

Í matsteymi Grunnskóla Seltjarnarness sitja 6 fulltrúar. Skólastjóri auk fulltrúa annarra stjórnenda, kennara og starfsmanna. Upplýsingar um fulltrúa í matsteymi er að finna á vefsíðu skólans. Forsenda fyrir setu í matsteymi er að fulltrúar hafi áhuga á mati og sjái tilgang með því. Teymisstjóri er einn þessara sex fulltrúa sem teymið kemur sér saman um. Fulltrúar í teyminu sitja í því í 2 ár en lögð er áhersla á að ekki hætti allir í einu heldur að fulltrúum sé skipt út árlega. Verkefnastjóri í upplýsingatækni aðstoðar við innra mat fyrst og fremst með því að sjá um fyrirlögn nemendakönnunar Skólapúlsins.

Það er teymisins að setja niður sjálfsmatsáætlun skólans. Engu að síður setja lög og reglugerðir ýmsar kvaðir á herðar skólanum varðandi mat og því liggur fyrir grunnur að matsþáttum sem teymið útfærir nánar. Teymið leggur áætlunina fyrir skólaráð þar sem sitja fulltrúar foreldra, nemenda og grenndarsamfélags og geta þeir gert athugasemdir við matsþætti og framkvæmd og eða komið með tillögur að nýjum matsþáttum.

Nauðsynlegt er fulltrúar í teyminu skipti með sér verkum þegar kemur að matinu sjálfu og kynningu niðurstaðna fyrir starfsfólki, nemendum og foreldrum. Teymið tekur sjálft ákvarðanir varðandi skiptingu verka þar sem styrkleikar hvers meðlims skipta máli.

Siðareglur eru mikilvægar fyrir meðlimi teymisins. Matið tekur til nemenda, foreldra svo og starfsmanna og því er mikilvægt að borin sé virðing fyrir öllum þessum aðilum og niðurstöðum matsins. Nauðsynlegt er að teymið hugi að þáttum eins og að:

- það noti kerfisbundnar aðferðir til að afla gagna í matinu
- það sé meðvitað um hugsanlega galla á þeim
- það vinni matið ævinlega samkvæmt bestu samvisku
- matið sé bæði heilsteypt og heiðarlegt þannig að tekið sé tillit til hagsmunaárekstra
- niðurstöður séu túlkaðar hógværliga
- borin sé virðing fyrir öllum þeim sem koma að matinu
- mismunandi aðstæður fólks séu virtar
- borin sé ábyrgð á almennri velferð, bæði þátttakendanna og almennings.

(Sigurlína Davíðsdóttir, 2013, bls. 151)

Siðareglur af þessu tagi eru matsteyminu nauðsynlegar og mikilvægt að þær séu rifjaðar upp árlega.

3. Fræðileg umfjöllun

Í fræðilegri umfjöllun teljum við mikilvægt að fjalla um ytra mat á skólum, áherslur og viðmið sem sett hafa verið af mennta- og menningarmálaráðuneytinu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Viðmiðin munu sannanlega hafa mikil áhrif á innra mat skólanna og væntanlega einnig á störf þeirra. Einnig verður í kaflanum fjallað um helstu kenningar og nálganir sem nýttar eru í mati skólans og þær útskýrðar.

3.1 Ytra mat grunnskóla og áhrif þess á innra mat

Í lögum um grunnskóla (nr.91/2008) og reglugerð um mat og eftirlit í grunnskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald (nr. 658/2009) er auk ákvæða um innra mat skóla að finna ákvæði um mat og eftirlit sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytisins með skólastarfi.

Faghópur sem samanstóð af fulltrúum þessara aðila lagði til að ytra mat á grunnskólum myndi í fyrstu umferð ná til valdra þátta sem kalla mætti lykिल्þætti í umbótastarfi. Þrír þættir urðu fyrir valinu þ.e. stjórnun, nám og kennsla og innra mat skóla. Auk þess sem skólar geta óskað eftir að sérstakur þáttur í starfi skólans verði metinn til viðbótar þessum þremur.

Með þessari ákvörðun hafa þessir tveir aðilar, rekstraraðilinn og eftirlitsaðilinn, beint athyglinni að þremur þáttum og jafnframt sett fram skilgreind viðmið um gæði í skólastarfi. Þessi

viðmið eru byggð á lögum og reglugerðum um skólastarf og aðalnámskrá grunnskóla. Einnig voru til hliðsjónar áherslur og straumar í skólastefnum sveitafélaga og hjá Kennarasambandi Íslands, sameiginleg framtíðarsýn fyrir grunnskólastarfið 2007-2020, litið til viðmiða í nágrannalöndum okkar sem og viðmiða Reykjavíkurborgar um heildarmat (Birna Sigurjónsdóttir o.fl., 2011, bls. 3).

Í viðmiðum sem eru í samfelldu máli „er lýst skólastarfi sem er í góðu samræmi við skyldur og tilmæli laga, aðalnámskrár, reglugerða og skólastefnur sveitarfélaga og getur því talist gæðastarf“ (Birna Sigurjónsdóttir o.fl., 2011, bls. 4) segir í formála heftisins um ytra mat á grunnskólum.

Þriðji hluti ytra matsins fjallar um innra mat grunnskóla þar sem lagt er mat á framkvæmdina innan skólans og umbótastarfið í kjölfar matsins. Til þessara viðmiða er nauðsynlegt að horfa þegar unnið er að gerð sjálfsmatsáætlunar því þrátt fyrir að þau séu sögð vera viðmið þá eru þau sett af rekstrar- og eftirlitsaðila og hafa því tvímælalaust meiri áhrif en önnur viðmið.

3.2 Nálganir

Við mat á skólastarfi er nauðsynlegt að hafa í huga að hægt er að meta á marga mismunandi vegu. Oft detta matsteymi í þá gryfju að hafa allar upplýsingar meginlegar en nýta sér fáar aðrar aðferðir við upplýsingaöflun. Meginlegar aðferðir hafa þá kosti að auðvelt er að vinna úr gögnum, svörun er yfirleitt ágæt og með þeim má ná til stórs hóps. Niðurstöður eru tölfræðilegar og oftast auðlæsilegar auk þess sem auðvelt er að setja viðmið sem flestir skilja. Skólapúlsinn, sem sér um ýmsar mælingar fyrir marga skóla, nýtir sér meginlegar rannsóknaraðferðir og gerir það vel. Með tilkomu Skólapúlsins hafa skólar getað borið sig saman við aðra skóla og séð hvar þeir standa í þeim samanburði. Hins vegar er tilgangurinn með mati á skólastarfi ekki bara sá að meta til að fá tölulegar upplýsingar heldur er markmiðið að fá upplýsingar um hvernig starfið fer fram og hvernig hægt er að bæta það.

Í Grunnskóla Seltjarnarness er leitast við að hafa matið á skólastarfinu fjölbreytt og því er ekki stuðst við eina nálgun heldur nokkrar.

Í sjálfsmatsskýrslu skólans er leitast við að hafa niðurstöður eins nákvæmar og hægt er. Niðurstöður geta þó verið trúnaðarmál eða erfitt að greina frá þeim og má þar nefna dæmi um niðurstöður úr nemendasamtölum og athugun á gæði kennslu. Því koma nákvæmar niðurstöður ekki fram við skýrslugerð í því mati þar sem taka þarf tillit til persónuverndar.

Hafa ber í huga að erfitt er að skilgreina nálganir því þær skarast og oft getur mat flokkast að hluta til undir fleiri en eina nálgun.

4. Aðferðir og framkvæmd

Við skipulagningu sjálfsmatsins var lögð áhersla á að gera skýra myndræna sjálfsmatsáætlun. Þetta stóra verkefni er brotið niður í smærri einingar til að einfalda það. Þetta teljum við nauðsynlegt í ljósi þess að flestir, sem sinna innra mati, vinna einnig önnur mikilvæg störf innan skólans. Þetta form teljum við einnig auðvelda úrvinnslu vegna þess að unnið er jafnt og þétt yfir veturinn að minni verkefnum og þau tengd jafnóðum. Þessi aðferð á þó ekki að bitna gæðum matsins heldur frekar að auka þau þar sem verkefnið verður viðráðanlegra.

Innra mat (sjálfsmat) hefur hvorki upphaf né endi heldur er sífellt í gangi (sjá mynd hér fyrir neðan). Því er mikilvægt að hluta það niður í vel framkvæmanlegar einingar og í Grunnskóla Seltjarnarness hefur verið ákveðið að setja verkefnið niður á mánuði.



(Sigurlína Davíðsdóttir, 2013, bls. 152)

Þegar hverjum matsþætti er lokið er niðurstöðum skilað. Matið er í gangi allt árið, niðurstöður koma jafnt og þétt yfir veturinn og strax hægt að bregðast við þeim með umbótaáætlun eða annars konar aðferðum (s.s. að hætta einhverju strax sem ekki virkar). Samantekt á niðurstöðum er síðan birt í lok hvers skólaárs auk umbótaáætlunar.

Við matið er stuðst við margs konar matsaðferðir, eigindlegar, megindlegar og blandaðar aðferðir. Lögð er áhersla á að nota aðferðir sem best svara matsspurningunum í hvert sinn. Allar aðferðir eru gildar (Sigurlína Davíðsdóttir, 2013, bls. 46).

Sem dæmi má nefna hefðbundnar spurningakannanir (eins og Skólapúlsinn leggur fyrir nemendum, starfsfólk og foreldra), starfsmannasamtöl sem tekin eru af stjórnendum, einstaklings- og/eða rýnihópaviðtöl s.s. með nemendum í 3. – 5. bekk, umræðufundir með unglíngum (hver árgangur fyrir sig), matsfundur með skólaráði og nemendaráði, vettvangsathuganir til að skoða kennslu út frá útgefnum viðmiðum og ýmsar aðrar leiðir.

Fjölbreyttar aðferðir geta veitt okkur sýn frá mismunandi sjónarhornum og þannig rennt styrkari stoðum undir niðurstöðurnar. Sem dæmi má nefna að nemendur í 6. – 10. bekk fara reglulega í hefðbundnar spurningakannanir hjá Skólapúlsinum en viðhorf þeirra koma líka fram á rýnifundum og þegar samráð er haft við nemendaráð. Þannig styrkist matið.

4.1 Grunnur að sjálfsmatsáætlun

Hér fyrir aftan er að sjá fyrrnefndan grunn að sjálfsmatsáætlun fyrir skólaárin 2014-2017. Í grunninum koma fram fastir matsþættir sem mældir eru árlega auk þátta sem mældir eru annað hvert ár. Í viðauka er gerð grein fyrir hverjum matsþætti fyrir sig auk viðmiða um árangur. Eins og síðar kemur fram nær þessi tafla ekki yfir allt mat í skólanum því áætlanir kunna að breytast, verkefni að bætast við eða detta út, óvæntar aðstæður geta komið upp o.s.frv. Skólinn leggur þó áherslu á að flest sé hér að finna. Neðar í þessu skjali er gerð grein fyrir öðrum verkefnum sem einnig lúta að mati en eru ekki tímasettar eða fastur liður í skólastarfinu og/eða ekki gerðar af skólanum sjálfum.

Mánuður	Verkefni	Ábyrgð
Ágúst	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Kynning á matsáætlun ▪ Útgáfa og lokayfirferð skólanámskrár og starfsáætlunar ▪ Útgáfa kennsluáætlana hvers árgangs/hverrar námsgreinar og mat á þeim 	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Matsteymi ▪ Skólastjórnendur ▪ Kennarar/skólastjórnendur
September	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Mat á skólafærni- og lestrarþjálfunar-námskeiði fyrir foreldra, ▪ Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk ▪ Mat á kennslu hefst 	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Deildarstjóri stigs og aðstoðarskólastjóri ▪ Verkefnastjóri í UT ▪ Skólastjórnendur
Október	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Sjálfsmat nemenda, frammistöðumat ▪ Mat á líðan nemenda í 3. – 5. bekk o.fl. (1/2 hópur) ▪ Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk 	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Umsjónarkennara ▪ Matsteymi/kennarar ▪ Verkefnastjóri UT

Nóvember	<ul style="list-style-type: none"> ▪ „Agastefnan“ metin (Uppbygging) ▪ Samræmd próf í 4. bekk, 7. bekk og 10. bekk – greining niðurstaðna ▪ Mat á líðan í 1. – 2. bekk (1/2 hópur) ▪ Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk 	<ul style="list-style-type: none"> ▪ „Agateymi“ ▪ Stjórnendur/umsjónar-kennarar ▪ Matsteymi/kennarar ▪ Verkefnastjóri í UT
Desember	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk 	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Verkefnastjóri í UT
Janúar	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Mat á framboði valgreina, samráð við 9 og 10. bekk um valgreinar o.fl. ▪ Fundir með nemendum í 7. – 10. bekk (hvað þau eru ánægð með, hvað má betur fara, hvað getum við gert til að öllum líði vel) ▪ Samantekt á niðurstöðum nemenda-könnunar haustannar (Skólapúlsinum) ▪ Mat á líðan nemenda í 3. – 5. bekk o.fl. (1/2 hópur) ▪ Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk 	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Aðstoðarskólastjóri unglíngad. ▪ Matsteymi/ umsjónarkennarar ▪ Matsteymi/aðstoðarskólastjóri unglíngastígs ▪ Matsteymi/kennarar ▪ Verkefnastjóri í UT
Febrúar	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Matsfundur í skólaráði ▪ Sjálfsmat nemenda, frammistöðumat ▪ Starfsmannasamtöl (febr-apríl) ▪ Skólapúlsinn – foreldrakönnun ▪ Mat á líðan í 1. – 2. bekk (1/2 hópur) ▪ Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk 	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Skólastjóri /aðstoðarskólast. ▪ Umsjónarkennarar ▪ Skólastjórnendur ▪ Matsteymi og verkefnastj. UT ▪ Matsteymi/kennarar ▪ Verkefnastjóri í UT
Mars	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Skólavogin, rekstrarkönnun ▪ Skólapúlsinn starfsmannakönnun (lögð fyrir 2015 og svo næst 2017) ▪ Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk 	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Fræðslustjóri, sem upplýsir skólastjórnendur ▪ Matsteymi og verkefnastj. UT ▪ Verkefnastjóri í UT
Apríl	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Mat á skólanámskrá og kennsluáætlunum skv. viðmiðum ▪ Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk 	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Kennarar/stjórnendur ▪ Verkefnastjóri í UT
Mái	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk 	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Verkefnastjóri í UT
Júní	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Yfirferð lögbundinna áætlana ▪ Samantekt matsteymis um innra mat, skýrsla 	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Skólastjórnendur ▪ Matsteymi/stjórnendur

Skólapúlsinn gerir stærstu meginlegu kannanirnar og sendir skólanum niðurstöður. Um er að ræða kannanir sem lagðar eru fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk. Eftir að þeir tóku yfir þetta stóra verkefni létti mjög á matsteyminu og hefur gert það að verkum að teymið getur einbeitt sér að öðrum verkefnum. Frá og með skólaárinu 2014-2015 stóð til að Skólapúlsinn myndi gera nemendakannanir í 1. – 2. bekk en því verkefni hefur verið frestað í bili.

Vera kann að skólinn ákveði að leggja fyrir aðrar kannanir en hér eru nefndar. Sem dæmi má nefna tengslakannanir sem oft eru lagðar fyrir í bekkjum þar sem samskipti eru erfið eða verið er að raða í nýja bekki. Skóli er lifandi samfélag og stundum þarf að bregða út af áætlunum og fara aðrar leiðir.

4.2 Sérverkefni skóla

Mat á sérverkefnum skóla fer einnig fram með reglubundum hætti. Þar getur komið inn mat á verkefnum eins og uppeldi til ábyrgðar / uppbyggingarstefnunnar, grænfánanum, byrjendalæsi o.s.frv. Teymin sem sjá um viðkomandi verkefni sjá einnig um mat á þeim í samvinnu við matsteymi skólans en lögð er áhersla á að viðmiðin um matið séu skýr. Fjöldi verkefna getur verið mismunandi frá ári til árs.

4.3 Aðrar kannanir

Til viðbótar skipulögðum könnunum á vegum skólans bætast stundum við aðrar kannanir sem lagðar eru fyrir af Námsmatsstofnun s.s. Talis og Pisa, meistara- eða doktorsnemum o.s.frv.

Einnig ber að nefna árlegar kannanir sem fyrirtækið *Rannsóknir og greining* leggur fyrir nemendur og bæjarfélagið greiðir fyrir. Um er að ræða tvenns konar kannanir sem báðar eru lagðar fyrir nemendur á vorönn hvers árs:

1. Hagir og líðan nemenda í 5. – 7. bekk.
2. Vímuefnaneysla ungs fólks.

Niðurstöður allra kannana og greining á þeim eru kynntar fyrir hagsmunaaðilum og settar í sjálfsmatsskýrslu að vori.

4.4 Skimanir stoðþjónustu

Skólastjóri og aðstoðarskólastjórar halda utan um stoðþjónustu skólans. Í samvinnu við sérkennara hefur verið settur upp listi yfir skimunarpróf til að fylgjast með framvinu náms og finna þá nemendur sem eiga við námserfiðleika að etja. Tekið skal fram að þó svo að

sérkennari sé ábyrgur fyrir ákveðnum þáttum þá lýtur það fyrst og fremst að yfirstjórn verkefnanna.

Bekkur	Próf	Tími	Ábyrgur
1. bekkur	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Málproskaskimun talkennara ▪ Leið til læsis ▪ Læsi 1.-1 ▪ Læsi 1.-2 ▪ Raddlestrarpróf (fyrir læsa nem.) 	september september nóvember mars janúar og maí	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Talkennari ▪ Sérkenn. og umsj.kenn. ▪ Sérkenn. og umsj.kenn. ▪ Sérkenn. og umsj.kenn. ▪ Sérkenn. og umsj.kenn.
2. bekkur	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Stafsetning ▪ Læsi 2. bekkur 1. hl. ▪ Læsi 2. bekkur 2. hl. ▪ Læsi 2. bekkur 3. hl. ▪ Raddlestrarpróf 	september ágúst mars nóvember jan. og maí	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Sérkenn. og umsj.kenn. ▪ Sérkenn. og umsj.kenn. ▪ Sérkenn. og umsj.kenn. ▪ Sérkenn. og umsj.kenn. ▪ Sérkenn. og umsj.kenn.
3. bekkur	<ul style="list-style-type: none"> ▪ LOGOS lesskimun ▪ Stafsetning ▪ Raddlestrarpróf ▪ LH 60 	janúar ágúst jan. og maí mars	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Sérkennari ▪ Sérkenn. og umsj.kenn. ▪ Sérkenn. og umsj.kenn. ▪ Sérkenn. og umsj.kenn.
4. bekkur	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Stafsetning ▪ Samræmd próf í íslensku og stærðfræði. ▪ Raddlestrarpróf ▪ LH 40 	september september janúar og maí mars	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Sérkenn. og umsj.kenn. ▪ Aðstoðarskólastjórar og sérkennarar ▪ Sérkenn. og umsj.kenn. ▪ Sérkennari
5. bekkur	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Aston Index, ▪ Orðarún 	Október Mars	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Sérkenn. og umsj.kenn. ▪ Sérkenn. og umsj.kenn.
6. bekkur	<ul style="list-style-type: none"> ▪ LOGOS lesskimun ▪ Stafsetning ▪ Raddlestrarpróf 	okt.-nóv ágúst janúar og maí	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Sérkennari ▪ Sérkennari stigs ▪ Sérkenn. og umsj.kenn.
7. bekkur	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Samræmd próf í íslensku og stærðfræði 	október	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Aðstoðarskólastjóri, sér- og umsjónarkennarar

	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Skimunarpróf í stærðfræði ▪ Raddlestrarpróf – nem. undir viðmiðum. 	<p>september</p> <p>september, janúar og maí</p>	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Stærðfræðikennarar og sérkennari á ungl.stigi ▪ Sérkennari á ungl.stigi
8 bekkur	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Aston Index, ▪ Orðarún 	<p>Október</p> <p>Mars</p>	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Sérkenn. og umsj.kenn. ▪ Sérkenn. og umsj.kenn.
9. bekkur	<ul style="list-style-type: none"> ▪ LOGOS lesskimun 	<p>september</p>	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Sérkennari á ungl.stigi
10.bekkur	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Samræmd próf 	<p>september</p>	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Aðstoðarskólastjóri og sérkennarar ungl.stigs og umsj. kennarar

Til viðbótar því að finna þá nemendur sem skera sig úr er lögð áhersla á kanna hvort framfarir séu hjá nemendum. Sérkennarar skólans bera ábyrgð á þessu verkefni og horfa til viðmiða sem sett eru með hverju skimunarprófi auk þess sem dreifing niðurstaðna er skoðuð.

Stoðþjónusta, stjórnendur og kennarar meta niðurstöður samræmdra prófa, hvað gengur vel og hvað má betur fara. Það er hlutverk stoðþjónustu að sinna þeim börnum sem sýna lítinn árangur, litlar framfarir. Í samræmdum prófum er miðaða við að setja í forgang nemendur sem eru undir 40 í raðeinkunn.

Vilji er til að stoðþjónusta skólans sinni vel þeim börnum sem þurfa stuðning í námi. Sérkennarar vinna náið með umsjónarkennurum/greinakennurum þannig að allir eru vel upplýstir um þann stuðning sem nemendur fá. Þetta fyrirkomulag gerir það að verkum að almennir kennarar geta sinnt þeim nemendum betur sem skara fram úr.

5. Lokaorð

Eins og fram kom í inngangsorðum er markmið þessarar áætlunar að leggja grunn að sývirku umbótastarfi í Grunnskóla Seltjarnarness með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Stjórnendur lögðu strax í upphafi áherslu á að gera áætlun sem þeir töldu að væri framkvæmanleg í skólaumhverfinu, ekki of umfangsmikil.

Við teljum mikilvægt að í Grunnskóla Seltjarnarness fari mestur tími kennara í að undirbúa og þróa kennsluna, sinna nemendum og starfsþróun enda teljum við það koma nemendum okkar best, vera mikilvægustu verkefni skólans. Við gerð áætlunarinnar var því horft til þessarar áherslu. Markmiðið er samt að virkja kennarana í matinu en án þess þó að íþyngja þeim um of.

Í matinu teljum við mikilvægt að skólinn horfi til þess að ná eigin markmiðum og bæta innra starf. Að miða sig stöðugt við aðra skóla getur verið erfitt því ytri þættir eins og uppbygging hverfa, reynsla starfsfólks, menntunarstig foreldra og samsetning nemenda getur verið ólík eftir skólum. Við teljum því mikilvægt að horfa til framfara, að meta út frá eigin viðmiðum og gleyma því ekki að horfa á það sem vel gengur í skólanum og styrkja þá þætti. Þó svo að samanburður sé góður þá verðum við að vera meðvituð um að skólar geta verið mjög ólíkir og því varla samanburðarhæfir.

Skólastarf þarf að vera í stöðugri þróun m.a. vegna breytinga í umhverfi skóla, vegna tækniþróunar, vegna breyttra áherslna og stefnu löggjafans og eftirlitsaðilans, vegna breyttra viðhorfa í samfélaginu, vegna ólíkra nemenda o.s.frv. Sjálfsmatið þarf að þróast eins og annað starf skólans og mikilvægt er að meta ávallt það sem skólinn er að gera og huga jafnfram að því sem hann ætti að vera að gera. Sjálfsmat skóla er hringferli sem eðli málsins samkvæmt tekur aldrei enda og er því í stöðugri þróun.

Heimildaskrá

Birna Sigurjónsdóttir, Björk Ólafsdóttir og Þóra Björk Jónsdóttir. (2012). Viðmið um gæði í skólastarfi fyrir ytra mat á grunnskólum. Sótt af

http://www.namsmat.is/vefur/ytra_mat_skola/grunnskoli/vidmid_visbendingum.pdf

G. Eygló Friðriksdóttir. (e.d.). Viðmið um framkomu við nemendur. Óútgefið efni.

Guðrún Geirsdóttir. (2012). Er kominn tími til að endurskoða gömlu kennsluáætlunina?

Kennslumiðstöð Háskóla Íslands. Sótt af

<http://www.fss.is/media/skolinn/troun/ErindiGudrunGeirsdottir.pdf>

Ingvar Sigurgeirsson. (2000, mars). Mat á kennslustund. Sótt af

<https://notendur.hi.is/ingvars/namsmat/matsbanki/vidhorfkennslustund1.htm>

Könnun á líðan nemenda í 2. - 3. bekk. (2012, nóv.). Sótt af

http://hateigsskoli.is/images/lidan/2-3_skifurit.pdf

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Reglugerð um mat og eftirlit í grunnskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahlald nr. 658/2009.

Sigurlína Davíðsdóttir, Auður Pálsdóttir, Björk Ólafsdóttir, Halldóra Pétursdóttir, Helga Dís Sigurðardóttir, Ólafur H. Jóhannsson og Sigríður Sigurðardóttir. (2011). Leiðbeiningar um innra mat skóla. Sótt af <http://eval.is/wp-content/uploads/2011/08/Lei%C3%B0beiningar-um-innra-mat-uppsett-loka%C3%BAtg%C3%A1fa.pdf>

Sigurlína Davíðsdóttir. (2013). *Mat á skólastarfi, handbók um matsfræði*. Reykjavík, Hólar.

Skólapúlsinn. (e.d.). Um vefkerfið. Sótt af http://skolapulsinn.com/um/?page_id=239



Viðauki

Grunnur að sjálfsmatsáætlun með útskýringum

Mánuður	Verkefni	Ábyrgð
Ágúst	<ul style="list-style-type: none"> Kynning á matsáætlun Útgáfa og lokayfirferð skólanámskrár og starfsáætlunar Útgáfa kennsluáætlana hvers árgangs/hverrar námsgreinar og mat á þeim 	<ul style="list-style-type: none"> Matsteymi Skólastjórnendur Kennarar/skólastjórnendur
September	<ul style="list-style-type: none"> Mat á skólafærni- og lestrarþjálfunar-námskeiði fyrir foreldra, Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk Mat á kennslu hefst 	<ul style="list-style-type: none"> Deildarstjóri stigs og aðstoðarskólastjóri Verkefnastjóri í UT Skólastjórnendur
Október	<ul style="list-style-type: none"> Sjálfsmat nemenda, frammistöðumat Mat á líðan nemenda í 3. – 5. bekk o.fl. (1/2 hópur) Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk 	<ul style="list-style-type: none"> Umsjónarkennara Matsteymi/kennarar Verkefnastjóri UT
Nóvember	<ul style="list-style-type: none"> „Agastefnan“ metin (Uppbygging) Samræmd próf í 4. bekk, 7. bekk og 10. bekk – greining niðurstaðna Mat á líðan nemenda í 1. – 2. bekk (1/2 hópur) Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk <u>Eineltiskönnun í 7. – 10. bekk</u> 	<ul style="list-style-type: none"> Agateymi Stjórnendur/umsjónarkennarar Matsteymi/kennarar Verkefnastjóri í UT
Desember	<ul style="list-style-type: none"> Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk 	<ul style="list-style-type: none"> Verkefnastjóri í UT
Janúar	<ul style="list-style-type: none"> Mat á framboði valgreina, samráð við 9 og 10. bekk um valgreinar o.fl. Fundir með nemendum í 7. – 10. bekk (hvað þau eru ánægð með, hvað má betur fara, hvað getum við gert til að öllum líði vel) Samantekt á niðurstöðum nemenda-könnunar haustannar (Skólapúlsinum) Mat á líðan nemenda í 3. – 5. bekk o.fl. (1/2 hópur) Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk 	<ul style="list-style-type: none"> Aðstoðarskólastjóri unglíngad. Matsteymi/ umsjónarkennarar Matsteymi/aðstoðarskólastjóri unglíngastigs Matsteymi/kennarar Verkefnastjóri í UT
Febrúar	<ul style="list-style-type: none"> Matsfundur í skólaráði Sjálfsmat nemenda, frammistöðumat 	<ul style="list-style-type: none"> Skólastjóri/aðstoðar.skólast. Umsjónarkennarar

	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Starfsmannasamtöl (febr-apríl) ▪ Skólapúlsinn – foreldrakönnun ▪ Mat á líðan í 1. – 2. Bekk (1/2 hópur) ▪ Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk 	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Skólastjórnendur ▪ Matsteymi og verkefnastj. UT ▪ Verkefnastjóri UT ▪ Verkefnastjóri í UT
Mars	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Skólavogin, rekstrarkönnun ▪ Skólapúlsinn starfsmannakönnun (2015/2017) ▪ Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk 	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Fræðslustjóri, sem upplýsir skólastjórnendur ▪ Matsteymi og verkefnastj. UT ▪ Verkefnastjóri í UT
Apríl	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Mat á skólanámskrá og kennsluáætlunum skv. viðmiðum ▪ Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk 	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Kennarar/stjórnendur ▪ Verkefnastjóri í UT
Maí	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk 	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Verkefnastjóri í UT
Júní	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Yfirferð lögbundinna áætlana ▪ Samantekt matsteymis um innra mat, skýrsla 	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Skólastjórnendur ▪ Matsteymi/stjórnendur

Ágúst

1. Kynning á matsáætlun

Áætlun vetrarins í innra mati er kynnt fyrir starfsfólki á starfsmannafundi. Markmiðið er að allir verði meðvitaðir um hvað stendur til auk þess sem kallað er eftir athugasemdum og ábendingum. Matsáætlunin er yfirfarin af matsteyminu en höfð eru til hliðsjónar matsviðmið Námsmatsstofnunar um innra mat (sjá fylgiskjal 3).

2. Útgáfa og lokayfirferð skólanámskrár og starfsáætlunar

Skólanámskrá er yfirfarin að vori en gefin út að hausti. Um er að ræða lokayfirferð þar sem lögð er áhersla á að allar nauðsynlegar upplýsingar séu til staðar og aðgengilegar. Um er að ræða handbók foreldra, skóladagatal, skólareglur, upplýsingar um innra mat, almennan hluta skólanámskrár o.fl. Horft skal til matsviðmiða Námsmatsstofnunar um stjórnun og nám og kennslu áður en skólanámskrá og starfsáætlun er gefin út (sjá fylgiskjal 1 og 2).

3. Útgáfa kennsluáætlana

Kennsluáætlanir eru í raun hluti skólanámskrár og segja til um að hverju verði unnið í vetur í hverri námsgrein, hvernig námsmati er háttað o.s.frv. Við yfirferð á kennsluáætlunum er stuðst við gátlista skólans (sjá fylgiskjal 4).

September

1. **Mat á skólafærni- og lestrarþjálfunarnámskeiði fyrir foreldra**

Á hverju hausti er haldið skólafærni- og lestrarþjálfunarnámskeið fyrir foreldra nemenda í 1. bekk. Markmiðið er að veita upplýsingar um skólastarfið, stoðþjónustu o.fl. auk þess sem lögð er áhersla á hlutverk foreldra í lestrarnámi barna sinna. Í lok námskeiðsins svara foreldrar spurningalista þar sem spurt er um gagnsemi námskeiðsins, tímasetningu o.fl. (sjá fylgiskjal 5). Þess skal getið að í apríl sama ár og nemendur hefja skólagöngu er foreldrum sem þegar búa í sveitarfélaginu boðið á stuttan upplýsingafund þar sem fulltrúar skólans kynna hvað er framundan og svara spurningum.

2. **Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk**

Í hverjum mánuði tekur úrtak nemenda í 6. – 10. bekk þátt í Skólapúlsinum. Um er að ræða vefkerfi sem miðar að því að veita stöðugan aðgang að nýjum upplýsingum sem aflað er mánaðarlega. Skoðaðir eru þættir sem tengjast virkni nemenda og líðan þeirra í skólanum svo og skóla- og bekkjaranda. Hægt er að bera saman stöðuna frá mánuði til mánaðar og frá ári til árs. (Skólapúlsinn, e.d) Kerfið er sjálfvirkt sem og greining niðurstaðna og birting þeirra. Matsteymi skólans rýnir niðurstöðurnar reglulega en í lok hverrar annar er staðan kynnt starfsfólki og umbótaáætlun gerð í lok árs.

3. **Mat á kennslu hefst**

Skólastjórnendur munu hefja mat á kennslu með formlegum hætti í fyrsta sinn í september 2014. Áherslan skólaárið 2014-2015 verður á kennslustundina. Áður en matið hefst verður rætt í kennarahópnum hvað einkenni góða kennslustund? Markmiðið er að efla kennslu og nám og því verða kennurum ljós viðmiðin áður en matið fer fram. Stjórnendur munu síðan líta eftir þeim þáttum sem einkenna góða kennslustund í sínu mati (sjá dæmi um viðmið í fylgiskjali 6). Einnig er möguleiki á að taka upp kennslustundina og rýna með viðkomandi kennara. Ekki hefur verið ákveðið hvað verður metið árið 2015-2016 né 2016-2017 en það gæti þó tengst innleiðingu nýrrar aðalnámskrár og/eða námsmati.

Október

1. **Sjálfsmat nemenda, frammistöðumat**

Um er að ræða mat sem gert er í gegnum mentor.is. Nemendur setjast niður með foreldrum sínum og svara spurningum er við koma skólanum, námsefni, ástundun, líðan o.s.frv. Umsjónarkennari nemandans svarar einnig sömu spurningum. Í 30 mín. viðtali nemenda, umsjónarkennara og foreldra ræða þeir niðurstöðu matsins og

nemandinn setur sér markmið í námi og samskiptum. Komi eitthvað fram sem aðrir kennarar/stjórnendur þurfa að vita ber kennarinn ábyrgð á að koma þeim skilaboðum til réttra aðila. Í næsta nemendasamtali (foreldrafundi) er staðan aftur tekin og horft til þess hvernig gengur þ.e. hvort framfarir hafi orðið. Um er að ræða einstaklingsmiðað mat (dæmi um útfyllt eyðublað er að finna í fylgiskjali 7).

2. Mat á líðan nemenda í 3. – 5. bekk, samskipti o.fl. (1/2 hópur)

Um er að ræða rýnihópaviðtöl við nemendur í hverjum árgangi. Fyrir áramót verður tekinn helmingur árgangsins (21 nemandi) í þremur hópum og eftir áramót hinn helmingurinn einnig í þremur hópum. Sérstök áhersla verður á samskipti, líðan nemenda í kennslustundum og hvernig þeir upplifa námið. Ekki er búið að ákveða hvernig viðtölin verða sett upp en það verður gert haustið 2014. Sú hugmynd hefur komið upp að leggja fyrir nemendur tvær kannanir, könnun sem tæki til mats nemenda á kennslustund annars vegar og líðan nemenda hins vegar og setja upp spurningar fyrir rýnihópana út frá niðurstöðunum (sjá fylgiskjal 8 og 9). Matsteymið mun taka saman niðurstöðurnar og birta.

3. Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk

Nánari lýsing í septemberhluta.

Nóvember

1. „Agastefnan“ metin

Uppbyggingarstefnuteymi (agateymi) skólans metur stöðuna í innleiðingunni skv. vinnuskipulagi þeirra. Þessu til viðbótar þá fara fulltrúar úr teymi skólans í annan skóla og meta hvernig stefnan birtist hjá þeim. Við fáum einnig fulltrúa úr öðru teymi til að meta starfið hjá okkur. Niðurstöðurnar fáum við skriflega og eru þær birtar á vef skólans.

2. Samræmd próf í 4. bekk, 7. bekk og 10. bekk – greining niðurstaðna

Þegar niðurstöður samræmdra prófa berast eru þær rýndar af skólastjórnendum, sérkennurum og kennurum viðkomandi árganga. Skoðaðir eru þættir eins og framfarir (í 7. og 10. bekk), dreifing einkunna o.fl. Ef margir eru með lágar og/eða háar einkunnir kann það að hafa áhrif á kennsluhætti. Einnig eru undirþættir í hverri grein skoðaðir sérstaklega til að sjá hvað gengur vel, hvað þarf að styrkja áfram og einnig hvaða mál má betur fara. Í framhaldi af því setjast kennarar niður og skoða hvernig hægt er að efla kennsluna enn frekar. Ef nemendur eru með mjög ólíkar niðurstöður í t.d.

Íslensku og stærðfræði kann að vera nauðsynlegt að greina prófið nánar og athuga jafnvel hvort um dyslexíu/discalculia sé að ræða (þetta gera sérkennarar).

Niðurstöður eru kynntar á kennarafundi til að allir séu upplýstir því þetta er ekki einkamál kennara í 4., 7. og 10. bekk heldur er þetta mál alls skólans og allir þurfa að vinna að því að gera hann betri. Sem sagt: niðurstöðurnar eru greindar og aðgerðir settar í umbótaáætlun.

3. Mat á líðan nemenda í 1. – 2.bekk

Gert á sama hátt og matið í 3. – 5. bekk

4. Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk

Nánari lýsing í septemberhluta.

Desember

1. Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk

Nánari lýsing í septemberhluta.

Janúar

1. Mat á framboði valgreina, samráð við 9 og 10.bekk um valgreinar o.fl.

Skólastjórnendur ganga í bekk og ræða við nemendur um framboð á valgreinum. Hvaða valgreinar eru þeir ánægðir með og hverju vilja þeir bæta við. Nemendur eru hvattir til að koma hugmyndum sínum á framfæri við aðstoðarskólastjóra unglinda-deildar. Kennarar eru einnig beðnir að koma með hugmyndir að vali. Ef listinn er mjög langur er gerð vefkönnun, forval, til að sjá hvar áhugi nemenda liggur.

2. Fundir með nemendum í 7. – 10. bekk

Stjórnendur og umsjónarkennarar á unglingastigi hafa í nokkur ár fundað með nemendum í „þjóðfundastíl“ (heimskaffi). Lagðar hafa verið þrjár spurningar fyrir nemendur:

- Hvað þau eru ánægð með í skólanum?
- Hvað má betur fara?
- Hvað getum við gert til að öllum líði vel?

Stjórnendur hafa tekið saman niðurstöður fundarins og þá er ekkert undanskilið allt er skráð niður. Í kjölfar þessa funda hefur ýmsu verið breytt innan skólans og verkefni sett inn í áætlanir. Skipulagi í kringum íþrótt og sundtíma hefur verið breytt (lengri

tími til að taka sig til), endurnýjaðir stólar í matsal o.m.fl. Þessu til viðbótar hafa stjórnendur í samráði við nemendaráð óskað eftir ýmsum framkvæmdum í kjölfar fundarinn s.s. að nemendasalernin verði gerð upp. Niðurstöður eru kynntar fyrir nemendum auk þess sem þær eru nýttar í umbótaáætlun skólans.

3. Samantekt á niðurstöðum nemendakannana haustannar (Skólapúlsinum)

Aðstoðarskólastjóri unglíngadeildar hefur í janúar á hverju ári tekið saman niðurstöður nemendakönnunar Skólapúlsins í 6. – 10. bekk og kynnt fyrir starfsfólki. Þar kemur skýrt fram hvað gengur vel og hvað má betur fara. Ekki hefur verið gerð umbótaáætlun fyrr en að vori en starfsfólk skólans er hvatt til að nýta sér niðurstöðurnar. Niðurstöðurnar eru einnig kynntar í skólaráði.

Ætla má að gerð verði samantekt með svipuðu sniði fyrir 1. – 2. bekk en áætlunin verður uppfærð þegar fyrir liggur hvernig sú könnun verður framkvæmd.

4. Mat á líðan nemenda í 3. – 5. bekk o.fl.(1/2 hópur)

Sjá nánari lýsingu í októberhluta.

5. Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk

Nánari lýsing í septemberhluta.

Febrúar

1. Matsfundur í skólaráði

Á fundinum er farið yfir stöðuna í innra mati skólans. Fulltrúar fá kynningu á niðurstöðu Skólapúlsins eins og þær birtast í janúar. Auk þess koma nemendur á fundinn (fulltrúar nemenda í 5. og 6. bekk og nemendaráð skólans) og segja frá því sem þeir eru ánægðir með og hvað megi betur fara.

Niðurstöður eru skráðar í fundagerð skólaráðs.

2. Sjálfsmat nemenda, frammistöðumat

Sjá nánari lýsingu í októberhluta.

3. Starfsmannasamtöl (febr-apríl)

Starfsmannasamtöl hafa verið með hefðbundnu sniði í skólanum til þessa þar sem spurt hefur verið um kennsluna, líðan í starfi, samvinnu, símenntun o.s.frv. Árið 2014-2015 er markmiðið að leggja meiri áherslu á starfsþróunarviðtöl þar sem einnig verður lögð áhersla á kennslufræðileg málefni, s.s. hvernig gengur í kennslunni, eru nemendur að ná árangri/sýna framfarir, hvað gengur vel, hvað má betur fara, að hverju

er stefnt, markmiðssetning o.s.frv. Ekki er búið að hanna viðtalsformið en það verður gert á haustönn 2014.

4. Skólapúlsinn, foreldrakönnun gerð annað hvert ár (næst árið 2016)

Könnunin samanstendur af um 40 spurningum. Spurt er um viðhorf til skólans, líðan barns, samstarf og samskipti foreldra og skóla, þjónustu við foreldra og nemendur, upplýsingaflæði og námsumhverfi. Niðurstöður könnunarinnar verða birtar á vef skólans þar sem hægt er að sjá samanburð við aðra skóla. Innan skólans er einnig skoðaður samanburður á milli ára og viðbrögð skólans við könnuninni fara í umbótaáætlun. Ef skólinn er marktækt undir meðaltali annarra skóla vinnur matsteymi í samráði við fulltrúa foreldra og stjórnendur að gerð umbótaáætlunar, ef skólinn mælist fyrir neðan meðaltal þó ekki sé það marktækur munur fundar matsteymi með sömu aðilum um þá stöðu og hvort þörf sé á gerð umbótaáætlunar.

5. Mat á líðan í 1. – 2. bekk

Nánari lýsing í nóvemberhluta.

6. Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk

Nánari lýsing í septemberhluta.

Mars

1. Skólavogin, rekstrarkönnun

Skólavogin kallar eftir tölulegum og rekstrarlegum upplýsingum og gerir samanburð á milli sveitarfélaga. Við samanburð þarf þó að gæta að sérstöðu skólanna. Fræðslustjóri fær niðurstöður í hendur og kynnir fyrir stjórnendum skólans. Þessum þætti er m.a. ætlað að veita upplýsingar um það hvort fjármunum sé vel varið.

2. Skólapúlsinn starfsmannakönnun (gerð annað hvert ár 2015/2017)

Könnun fyrir starfsfólk samanstendur af um 50 spurningum. Spurt er um viðhorf til skóla, starfs og skipulags, vinnuáðstöðu, samvinnu og samskipti við vinnufélaga og stjórnendur, starfsþróun og viðhorf til frammistöðu sveitarfélags í skólamállum.

Niðurstöðurnar hafa ekki verið birtar á vef skólans en matsteymið rýnir niðurstöður og samburð við aðra skóla, heldur rýnihópafundi með starfsfólki og aðgerðaráætlun er gerð í kjölfarið.

3. Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk

Nánari lýsing í septemberhluta.

Apríl

1. Mat á skólanámskrá og kennsluáætlunum skv. viðmiðum.

Tekinn er tími í byrjun apríl eða byrjun júní til að meta og ræða skólanámskrá og þar með taldar kennsluáætlanir ársins með kennurum viðkomandi árgangs eða fags. Notast er við matsviðmið Námsmatsstofnunar um nám og kennslu sérstaklega en einnig stjórnun (sjá fylgiskjal 1 og 2) auk þess sem viðmið um mat á kennsluáætlun eru höfð til hliðsjónar (fylgiskjal 4). Framkvæmd kennslunnar er einnig rædd og hvort samræmi sé á milli kennslunnar sjálfar og kennsluáætlunar. Þetta er mjög mikilvægt ferli því að vori hefst undirbúningur kennslu næsta skólaárs. Ákvarðanir, teknar á þessum fundum, eru skráðar og rifjaðar upp við yfirferð kennsluáætlana að hausti.

2. Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk

Nánari lýsing í septemberhluta.

Mái

1. Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk

Nánari lýsing í septemberhluta.

Í lok árs eru niðurstöður teknar saman og kynntar fyrir starfsfólki, sé aðgerða þörf eru ákvarðanir þar að lútandi settar í umbótaáætlun. Sama á við um niðurstöður annarra nemendakannana.

Júní

1. Yfirferð lögbundinna áætlana

Skólanum ber skv. lögum að gera áætlanir sem lúta að móttöku nýrra nemenda, eineltisáætlun, jafnréttisáætlun, símenntunaráætlun o.fl. Til að halda þessum áætlunum „lifandi“ eru þær sendar starfsfólki einu sinni á ári, ræddar og uppfærðar. Tekið skal fram að þó svo að skólastjórnendur séu ábyrðaraðilar þessa verkefnis þá fer t.d. eineltisteymið yfir eineltisáætlunina. Einnig er rétt að geta þess að símenntunaráætlun skólans er lögð fram í febrúar/mars á hverju ári út frá þörfum og stefnu skólans en er birt að vori á vefsíðu hans.

2. Samantekt matsteymis um innra mat, skýrsla

Teymið tekur saman niðurstöður ársins í áfangaskýrslu (eða lokaskýrslu vorið 2017). Niðurstöður eru þá aðgengilegar á einu stað auk þess sem umbótaáætlun er sett fram. Lögð er áhersla á að umbótaáætlunin sé virk og því bera ákveðnir aðilar ábyrgð á hverjum þættir sem þarfnast umbóta.



Fylgiskjal 1 - viðmið um stjórnun

Eftirfarandi listi er unnin fyrir matsteymi Grunnskóla Seltjarnarness. Um er að ræða viðmið frá Námsmatsstofnun sem notuð eru til að meta stjórnun skóla í ytra mati mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Gert er ráð fyrir að stjórnendur yfirfari viðmiðin og kanni hvort skólinn uppfylli þau. Um er að ræða þrjá flokka viðmiða auk undirflokka. Viðmiðin eru sett upp í gátlista þannig að auðvelt sé að merkja við.

1. Fagleg forysta

1.1 Stjórnandinn sem leiðtogi

- Stjórnendur leggja rækt við samskipti við nemendur, starfsmenn og foreldra í daglegu starfi.
- Stefna skólans er skýrt fram sett og birtist á heimasíðu skólans.
- Starfsmenn þekkja stefnu skólans.
- Foreldrar þekkja stefnu skólans.
- Skólinn hefur mótað einkunnarorð/gildi skólastarfsins sem allir aðilar skólasamfélagsins³ þekkja.
- Einkunnarorð/gildi skólans eru sýnileg í skólanum og starfi hans.
- Stjórnandi miðlar upplýsingum um gæði skólastarfsins og árangur nemenda í skóla- og frístundastarfi, s.s. á heimasíðu skólans og/eða í fréttabréfum.
- Stjórnendur hvetja kennara markvisst til að auka sífellt gæði náms og kennslu.
- Stjórnendur fylgjast reglulega með námi og kennslu og veita endurgjöf.
- Þegar stjórnandi kynnir skólann leggur hann áherslu á sérstöðu hans og leiðarljós í námi og kennslu.

1.2 Stjórnun stofnunar

- Skipurit liggur fyrir og það endurspeglar gildandi fyrirkomulag stjórnunar í skólanum.
- Starfslýsingar stjórnenda og annarra starfsmanna liggja fyrir.

- Stjórnendateymi4 skiptir með sér verkum við stjórnun og miðlar upplýsingum sín á milli.
- Fyrir liggur skráning á menntun og sérhæfingu starfsmanna.
- Kennarar sinna kennslu sem er í samræmi við menntun þeirra og sérhæfingu.
- Stjórnendur veita starfsfólki endurgjöf fyrir vel unnin störf.
- Starfsþróunarsamtöl eru regluleg fyrir alla starfsmenn.
- Móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn liggur fyrir.
- Jafnréttisáætlun liggur fyrir sem miðar að því að jafna stöðu kynjanna á vinnustaðnum.
- Verklagsreglur um meðferð ágreiningsmála og eineltismála í starfsmannahópnum liggja fyrir og unnið er eftir þeim.
- Allir starfsmenn, þ.m.t. verktakar sem vinna að staðaldri fyrir skólann, undirrita skjal um trúnað og þagnarskyldu.
- Unnið er eftir verklagsreglum um skjalastjórnun.
- Reglur hafa verið settar um upplýsingagjöf um nemendur.
- Forgangsröðun í nýtingu fjármagns tekur mið af stefnu skólans og sveitarfélagsins.

1.3 Faglegt samstarf

- Í stefnu skólans kemur skýrt fram að lýðræðisleg vinnubrögð séu viðhöfð í öllum þáttum skólastarfs.
- Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarf í skólanum.
- Samstarf einkennist af jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti aðila.
- Sett er upp fundaáætlun fyrir skólaárið/önnina sem nær til alls starfsfólks.
- Formlegir fundir eru boðaðir með dagskrá og fundargerðir ritaðar og aðgengilegar.
- Stjórnendur boða reglulega til starfsmannafunda og kennarafunda.
- Viðfangsefni samstarfs kennara er fyrst og fremst nám og kennsla og samskipti við nemendur.
- Samskipti við önnur skólastig og grenndarsamfélagið eru regluleg og skráð.

1.4 Skólaþróun

- Þróunar- og/eða umbótaáætlun byggir á stefnu skólans svo og innra og/eða ytra mati á starfinu.
- Í símenntunaráætlun koma fram áherslur skólans.
- Í símenntunaráætlun kemur fram hvernig einstaklingar sækja símenntun.
- Samræmi er milli símenntunaráætlunar og umbótaáætlunar skóla.
- Símenntun kennara miðar að því að efla þá í starfi.
- Kennarar eru hvattir til að leita fjölbreyttra leiða til að efla sig í starfi.
- Ákveðinn aðili/-ar í skólanum bera ábyrgð á framkvæmd innra mats með þátttöku stjórnenda.

2. Stefnumótun og skipulag

2.1 Starfsáætlun og skólanámskrá

- Skólanámskrá uppfyllir viðmið sem birt eru í aðalnámskrá
- Skólanámskrá endurspeglar áherslur í skólastefnu sveitarfélagsins.
- Starfsáætlun uppfyllir viðmið sem birt eru í aðalnámskrá.
- Starfsáætlun endurspeglar áherslur sveitarfélagsins.
- Skóladagatal uppfyllir viðmið um árlegan starfstíma nemenda.
- Starfsáætlun er uppfærð árlega með þátttöku starfsfólks skólans.
- Starfsáætlun er lögð fyrir skólaráð og skólanefnd til staðfestingar.
- Starfsfólk tekur þátt í gerð skólanámskrár og samráð er haft við skólaráð.
- Stjórnendur hafa forgöngu um reglulega endurskoðun skólanámskrár með þátttöku allra hagsmunaaðila.
- Allir aðilar skólasamfélagsins þekkja stefnu skólans eins og hún birtist í skólanámskrá.
- Framkvæmd skólastefnu er rædd á starfsmannafundum í skólanum og metið hvort markmiðum hefur verið náð.
- Skólanámskrá, þ.m.t. námsvísar, er birt á heimasíðu skólans og/eða á annan aðgengilegan hátt.
- Starfsáætlun er birt á heimasíðu skólans og/eða á annan aðgengilegan hátt.

2.2 Skóladagur nemenda

- Vikulegur kennslutími nemenda er samkvæmt viðmiðunarstundaskrá.
- Stundatöflur nemenda eru samfelldar og tímafjöldi svipaður alla daga.
- Frímínútur/hvíld/úttvist eru skipulögð með hliðsjón af aldri og þroska nemenda.
- Sveigjanleiki viðmiðunarstundaskrár er nýttur til að skapa samfellu í námi.
- Námsgreinar eru samþættar til að gera nám nemenda heildstæðara.
- Nemendahópar (bekkir eða árgangar) eiga sameiginlegan tíma á töflu og eiga þannig kost á samvinnu.
- Boðið er upp á fjölbreyttar valgreinar sem gefa nemendum tækifæri til að dýpka þekkingu á námssviðum og á áhugasviði þeirra.
- Nám nemenda utan skóla er metið til valgreina óski foreldrar eftir því.

2.3 Verklagsreglur og áætlanir

- Leiðir til að viðhalda góðum starfsanda og jákvæðum skólabrag eru mótaðar og farið er eftir þeim.
- Í skólanámskrá kemur fram hvað felst í jákvæðum skólabrag.
- Skólareglur liggja fyrir.
- Skólareglur eru sýnilegar í skólastofum.
- Skólareglur og viðbrögð við agabrotum og eru í samræmi við ákvæði í reglugerð.
- Nemendur taka þátt í að móta skólareglur.
- Forvarnaráætlanir liggja fyrir og þeim er fylgt eftir því sem við á.
- Verklagsreglur og viðbrögð við einelti liggja fyrir og unnið er eftir þeim.
- Áætlun um sérkennslu/stuðning hefur verið gerð og henni er fylgt.
- Gerð er áætlun um kannanir og skimanir sem lagðar eru fyrir nemendur til að finna þá sem þurfa námsaðstoð.
- Móttökuáætlun fyrir nýja nemendur liggur fyrir.
- Áætlanir eru gerðar þegar tekið er á móti nemendum með annað móðurmál en íslensku.
- Móttökuáætlanir eru gerðar fyrir nemendur með sérstakar þarfir.

3. Samskipti heimila og skóla

3.1 Skólaráð, foreldrafélag

- Skólaráð fundar reglulega og hefur sett sér starfsáætlun og vinnureglur.
- Allar helstu ákvarðanir er varða stefnu, skólahald og skólaþróun eru lagðar fyrir skólaráð til umsagnar.
- Skólareglur eru unnar í samvinnu við skólaráð.
- Fulltrúar í skólaráði eru lýðræðislega valdir af sínum hópi.
- Fulltrúar foreldra í skólaráði eiga sér bakland í foreldrafélaginu/foreldrahópnum.
- Fundir skólaráðs eru boðaðir með dagskrá og fundargerðir aðgengilegar á heimasíðu skólans.
- Stjórnendur funda reglulega með stjórn foreldrafélags.
- Fundaraðstaða er fyrir foreldra að hittast í skólanum að höfðu samráði við stjórnendur.

3.2 Þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun

- Kynning á námsmarkmiðum og leiðum til að ná þeim er hluti af virku samstarfi heimila og skóla.
- Stjórnendur og kennarar skapa foreldrum tækifæri til að taka þátt í námi barna sinna.
- Skipulagðar foreldraheimsóknir eru reglulegur þáttur í skólastarfinu.
- Foreldrum eru gefin tækifæri til að fylgjast með námi barna sinna í skólanum.
- Foreldrum er boðin þátttaka þegar hópurinn fer í vettvangsferðir eða heimsóknir.
- Markvisst er leitað eftir tillögum og hugmyndum foreldra um það sem betur má fara í skólastarfinu og ábendingum þeirra er vel tekið.
- Reglubundnar upplýsingar eru sendar til foreldra um skólastarfið framundan og árangur af einstökum verkefnum (tölvupóstur, töskupóstur, heimasíða, Mentor).
- Foreldrar vita hvert þeir eiga að snúa sér ef þá vantar upplýsingar frá skólanum eða þeir vilja koma ábendingum á framfæri.
- Upplýsingamiðlun til foreldra um árangur í námi er reglubundin og leiðbeinandi.
- Heimasíða skólans er virk og inniheldur réttar og hagnýtar upplýsingar.

(Birna Sigurjónsdóttir o.fl., 2012, bls.5-13)



Fylgiskjal 2 - viðmið um nám og kennslu

Eftirfarandi listi er unnin fyrir matsteymi Grunnskóla Seltjarnarness. Um er að ræða viðmið frá Námsmatsstofnun sem notuð eru til að meta nám og kennslu í ytra mati mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Gert er ráð fyrir að í skólanum séu viðmiðin yfirfarin og kannað hvort skólinn uppfylli þau. Um er að ræða þrjá flokka viðmiða auk undirflokka. Viðmiðin eru sett upp í gátlista þannig að auðvelt sé að merkja við.

1. Nám og námsaðstæður

1.1 Inntak og árangur

- Skólanámskrá er skýrt fram sett, birt opinberlega og aðgengileg.
- Skólanámskrá er endurskoðuð reglulega og virk í notkun í skólanum.
- Námsvísar/markmið náms eru greinargóð og byggja á aðalnámskrá.
- Grunnþáttum menntunar eru gerð skil í námsvísum og sjást í starfi skólans og athöfnum og námi nemenda.
- Stefna sveitarfélagsins endurspeglast í námi nemenda.
- Nemendur og foreldrar þekkja til og nýta sér námsvísa.
- Vakin er athygli á fjölbreyttum árangri og margvíslegum hæfileikum gefinn gaumur, svo sem þátttöku í viðburðum eða samkeppni, árangri í könnunum og prófum á landsvísu eða alþjóðlega.
- Skólinn bætir eða viðheldur stöðu sinni í námi, samskiptum og líðan nemenda.
- Unnið er úr og með niðurstöður námsmats, samræmdra prófa og annars mats, með það að markmiði að efla árangur sérhvers nemanda.

1.2 Skipulag náms og námsumhverfi

- Áætlanir um nám og kennslu eru skráðar og birtast í skólanámskrá.
- Námsvísar sýna stigvaxandi kröfur í námi og þeir eru í góðu samhengi milli árganga.
- Gerð er grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum í skólanámskrá.

- Samstarf um nám milli skólastiga, frá leikskóla í grunnskóla og úr grunnskóla í framhaldsskóla er skráð og virkt.
- Nemendur á öllum aldri hafa val um viðfangsefni, námsaðferðir og námsgreinar hluta námstímans.
- Nemendur á unglíngastigi hafa val um námsgreinar og námssvið í um fimmtungi námstímans.
- Námsgögn og notkun þeirra styður við nám og kennslu.
- Námsumhverfi og aðbúnaður styður við nám og þarfir allra nemenda og fjölbreytta kennsluhætti.
- Nemendasamtöl eru reglulega, minnst tvö á ári, þar sem umsjónarkennari ræðir skipulega við hvern nemanda sinn um nám og líðan.
- Nemendur og foreldrar vita hver er tilgangur og markmið heimanáms.
- Hugað er að því hvernig heimanám, sé um það að ræða, dreifist á vikudaga eða tímabil.

1.3 Kennsluhættir og gæði kennslu

- Kennarar sýna góða fagþekkingu á námssviðum sem þeir kenna og sérfræði þeirra nýtist í starfi.
- Kennarar sýna kennslufræðilega hæfni í vettvangsathugunum.
- Kennarar skipuleggja kennslu með tilliti til námsmarkmiða og þarfa nemenda.
- Nemendur vinna að heildstæðum og samþættum verkefnum.
- Fjölbreyttir kennsluhættir sjást í vettvangsathugunum og í námsaðstæðum nemenda.
- Nemendur vinna raunhæf verkefni tengd daglegu lífi þeirra.
- Umræður og skoðanaskipti eru hluti af námi og kennslu.
- Vinnubrögð eru valin með tilliti til markmiða og verkefna hverju sinni.
- Námsumhverfi er nýtt á fjölbreyttan hátt.
- Samvinna og samstarf nemenda er markvisst notað til náms og kennslu.
- Nemendur læra að vinna sjálfstætt og fá hjálfun í samvinnu og samstarfi.
- Lögð er rækt við sköpunarþörf og gagnrýna hugsun nemenda.

- Kennarar bera að öllu jöfnu ábyrgð á hópaskiptingu nemenda.
- Kennslustundir eru vel skipulagðar, vel uppbyggðar og tími vel nýttur.
- Kennarar gera nemendum grein fyrir markmiðum kennslustunda.
- Nemendur fást við krefjandi viðfangsefni í samræmi við námsmarkmið hvers og eins.
- Endurgjöf kennara á vinnu nemenda er, leiðbeinandi, regluleg, markviss og leiðir til framfara í námi.
- Námsmat er fjölbreytt, tengist markmiðum náms, hæfniviðmiðum og tekur mið af kennsluháttum.
- Kennsla er löguð að mati á stöðu nemenda.

1.4. Námsháttir og námsvitund

- Námið nemenda tekur að hluta mið af áhugasviði þeirra.
- Nemendur fá markvissa þjálfun í fjölbreyttum námsaðferðum.
- Nemendahópar vinna að mismunandi verkefnum og með fjölbreyttum aðferðum.
- Nemendur þekkja eigin styrkleika í námi.
- Nemendur gera sér grein fyrir og nýta sér mismunandi leiðir til að afla sér þekkingar og leikni í námi.
- Nemendur geta valið sér námsaðferð eftir viðfangsefni eða eigin námsstíl.
- Nemendur bera vaxandi ábyrgð á að velja viðfangsefni og eigin námsaðferðir.
- Nemendur nýta upplýsinga- og samskiptatækni við að afla sér þekkingar og leikni.

2. Þátttaka og ábyrgð nemenda

2.1 Lýðræðisleg vinnubrögð

- Nemendur tjá sig um málefni er snerta þá og tillit er tekið til sjónarmiða þeirra.
- Til er skráð verklag við að afla sjónarmiða nemenda.
- Nemendur vita hvaða áhrif þeir geta haft á skipulag og framkvæmd náms og námsumhverfi sitt.
- Nemendur fá kennslu og þjálfun í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri til að hafa áhrif.

- Sjónarmið nemenda hafa áhrif á nám þeirra, aðbúnað og aðstæður í skólanum.
- Nemendafulltrúar í skólaráði og á öðrum samstarfsvettvangi skóla fá til þess þjálfun.
- Skólaráð starfar þannig að fulltrúar nemenda eru fullgildir þátttakendur í umræðum og ákvarðanatöku.
- Fulltrúar nemenda í skólaráði eru kosnir lýðræðislegri kosningu.
- Séð er til þess að upplýsingar um umræður og ákvarðanir ráða eða nefnda þar sem kjörnir fulltrúar nemenda sitja séu öllum nemendum aðgengilegar.
- Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu.

2.2. Ábyrgð og þátttaka

- Markmið í námi eru nemendum ljós, hvað varðar námseiningar í heild sinni.
- Nemendur þekkja markmið smærri verkefna og kennslustunda þegar við á.
- Nemendum er kennt að setja sér eigin markmið í námi.
- Nemendur taka þátt í að setja sér námsmarkmið.
- Foreldrar eru með í ráðum við setningu einstaklingsbundinna markmiða barna sinna.
- Foreldrar fylgjast með námsframvindu barna sinna.
- Viðmið um árangur eru opinber og nemendur þekkja þau.
- Nemendum er kennt að meta eigin vinnu og þjálfast í sjálfsmati.
- Nemendur taka þátt í að meta árangur sinn í námi.

3. Námsaðlögun

3.1 Nám við hæfi allra nemenda

- Lögð er áhersla á skóla án aðgreiningar í öllu skólastarfinu.
- Skólabragur einkennist af sanngirni og virðingu fyrir öllum.
- Allir nemendur taka virkan þátt í námi og starfi skólans.
- Áhugi og hæfileikar nemenda endurspeglast í viðfangsefnum.
- Kennarar meta stöðu nemenda á fjölbreyttan hátt og laga nám að niðurstöðum.
- Nemendur og foreldrar eru með í ráðum um námsmarkmið.
- Námsframboð og námsvísar mæta fjölbreyttum þörfum og áhuga allra nemenda.

3.2 Stuðningur við nám

- Markvisst er fylgst með námi og framförum allra nemenda.
- Skráð er hvernig bregðast eigi við niðurstöðum skimana og mats.
- Kennsla er skipulögð þannig að hún hæfi öllum nemendum.
- Fagmenntaðir starfsmenn bera ábyrgð á sérstökum stuðningi í námi.
- Nám nemenda með metnar sérþarfir er skipulagt með einstaklingsnámskrám.
- Stuðningur við nám er tengdur markmiðum náms og einstaklingsnámskrá.
- Sérkennsla og stuðningur fer að mestu fram í námsaðstæðum samnemenda, innan bekkjar eða námshóps.
- Séð er til þess að bráðgerir nemendur fái námstækifæri við hæfi.
- Nemendur og foreldrar eru upplýstir og taka þátt í að ákveða form og eðli sérúrræða eins og kostur er.
- Árangur stuðnings er metinn markvisst og hann endurskipulagður ef þarf.
- Foreldrar taka þátt í að endurmeta markmið einstaklingsnámskrár og nemendur þegar við á.
- Kennarar fá ráðgjöf um nám og kennslu til að mæta þörfum allra nemenda.
- Námsmat er fjölbreytt og lagað þörfum nemenda þegar þarf.

(Birna Sigurjónsdóttir o.fl., 2012, bls.14-21)



Fylgiskjal 3 - viðmið um innra mat

Eftirfarandi listi er unnin fyrir matsteymi Grunnskóla Seltjarnarness. Um er að ræða viðmið frá Námsmatsstofnun sem notuð eru til að meta innra mat (sjálfsmat) skóla í ytra mati mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Gert er ráð fyrir að matsteymi yfirfari viðmiðin og kanni hvort innra mat skólans uppfylli þau. Um er að ræða sex flokka viðmiða auk þess sem horft er eftir framförum.

1. Framkvæmd innra mats

1.1 Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi

- Í skólanámskrá er umfjöllum um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta sitt innra starf.
- Langtímaáætlun um innra mat nokkur ár fram í tímann (3-5 ár) liggur fyrir.
- Langtímaáætlun endurspeglar að helstu þættir skólastarfsins eru metnir.
- Áætlun um innra mat fyrir viðkomandi skólaár liggur fyrir.
- Í gögnum um innra mat kemur fram hverjir bera ábyrgð á framkvæmd innra mats (s.s. matsteymi).
- Mat á kennslu og fagmennsku kennara fer fram með einhverjum hætti reglulega, s.s. með mati skólastjóra á kennslu, jafningjamati kennara og mati á nýjungum í kennsluháttum.
- Mat og ígrundun kennara og annarra starfsmanna á eigin starfsháttum er liður í daglegu starfi þeirra.
- Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer fram með einhverjum hætti reglulega.

1.2 Innra mat er markmiðsbundið

- Skólinn gerir grein fyrir hvernig markmið skólans sem sett eru fram í skólanámskrá eru metin.
- Öll markmið skólanámskrár eru metin markvisst og reglubundið með einhverjum hætti.
- Leiðir að markmiðum, s.s. verkefni, aðgerðir, áætlanir og verkferlar, eru hluti af innra matinu.
- Fyrir hvert markmið eru skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að.

- Í greinargerð um innra mat er fjallað um að hve miklu leyti markmið hafa náðst.

1.3 Innra mat byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum

- Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar við að afla gagna.
- Gagna er aflað með aðferðum er hæfa viðfangsefninu og þeim spurningum sem lagt er upp með.
- Skólinn nýtir niðurstöður úr ytra mati (s.s. samræmd próf, niðurstöður PISA, kannanir og skimanir sveitarfélags og ytra mat sveitarfélags og ráðuneytis) í innra matið.

1.4 Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum

- Starfsfólk tekur þátt í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati (t.d. í gegnum fulltrúa í matsteymi, aðkomu skólaráðs, þátttöku í skólaþingum eða með öðrum hætti).
- Nemendur taka þátt í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati (t.d. í gegnum fulltrúa í matsteymi, aðkomu skólaráðs, þátttöku í skólaþingum eða með öðrum hætti).
- Foreldrar taka þátt í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati (t.d. í gegnum fulltrúa í matsteymi, aðkomu skólaráðs, þátttöku í skólaþingum eða með öðrum hætti).
- Hagsmunaaðilar skólastarfsins geta haft áhrif á skipulag og framkvæmd innra mats (t.d. í gegnum fulltrúa í matsteymi eða aðkomu skólaráðs).
- Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli.
- Þegar niðurstöður innra mats liggja fyrir eiga sér stað samræður meðal hagsmunaaðila um þróun og umbætur.

2. Umbótastarf í kjölfar innra mats

2.1 Innra mat er opinbert

- Greinargerðir um innra mat eru birtar á heimasíðu skólans eða með öðrum opinberum hætti.
- Umbótaáætlanir eru birtar á heimasíðu skólans eða með öðrum opinberum hætti.
- Greinargerðir um innra mat eru skýrt fram settar.
- Umbótaáætlanir eru skýrt fram settar.
- Í greinargerð um innra mat koma fram grundvallarupplýsingar um innra matið.

- Niðurstöður úr innra mati eru formlega kynntar helstu hagsmunaaðilum.

2.2 Innra mat er umbótamiðað

- Umbótaáætlun er í samræmi við niðurstöður og greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Áætlanir um umbætur eru bornar undir skólaráð með formlegum hætti.
- Í umbótaáætlun eru tilgreindar markvissar aðgerðir þar sem markmið hafa ekki náðst út frá þeim viðmiðum sem sett voru.
- Brugðist er við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta er þörf þó að þær snúi ekki beint að þeim markmiðum sem metin voru.
- Umbótaáætlun er tímasett og hún skilgreinir ábyrgðaraðila fyrir umbótunum.
- Tilgreint er í umbótaáætlun hvenær og hvernig á að meta árangur aðgerða.
- Umbótum er kerfisbundið fylgt eftir.
- Starfsfólk getur á óbyggjandi hátt nefnt dæmi um umbætur sem innra mat skólans hefur leitt til.
- Nemendur geta á óbyggjandi hátt nefnt dæmi um umbætur sem innra mat skólans hefur leitt til.
- Foreldrar geta á óbyggjandi hátt nefnt dæmi um umbætur sem innra mat skólans hefur leitt til.

3. Framfarir

- Árin 2007-2009 voru úttektir á sjálfsmatsaðferðum allra grunnskóla á Íslandi gerðar af mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Niðurstöður þeirra verða hafðar til hliðsjónar í ytra matinu til að meta hvort framfarir hafi átt sér stað í innra mati viðkomandi skóla eða hann viðhaldið stöðu innra mats frá síðustu úttekt ráðuneytisins.

(Birna Sigurjónsdóttir o.fl., 2012, bls.22-26)



Fylgiskjal 4 - mat á kennsluáætlun

Eftirfarandi matslisti er hafður til viðmiðunar þegar kemur að mati á kennsluáætlun. Þessi listi verður uppfærður vorið 2014.

Miðað er við eftirfarandi : Góð kennsluáætlun er skýrt fram sett sem allir skilja og geta nýtt sér bæði kennarar, nemendur, foreldrar og stjórnendur.

Hvað á heima í kennsluáætlun

- Stutt kynning á því hvað á að kenna og hvernig kennslan í þessu fagi tengist kennslu í öðrum fögum. Einnig getur verið jákvætt að fjalla um mikilvægi námgreinarinnar.

Hæfniviðmið og grunnþættir menntunar

- Að hvaða hæfni er stefnt og er horft til aðalnámskrár grunnskóla?
- Er talað um fjölbreyttar kennsluaðferðir til að ná hæfninni?
- Er gerð grein fyrir grunnþáttum menntunar?

Námsefni

- Hvað námsefni (bækur, efni af vef, verkefni o.fl.)?

Tímaáætlun

- Hvernig verður yfirferðinni háttáð og á hvað verður lögð áhersla á hverjum tíma?

Hvernig er gert grein fyrir námsmati?

- Hvenær er metið?
- Hvernig er metið?
- Hvaða viðmið, námsmatskvarðar (rubrics) til dæmis við yfirferð á ritgerðum?
- Símat og þá hvernig?
- Einkunnir, lokaeinkunn?

Gott getur verið að gera grein fyrir eftirfarandi:

- Hlutverki kennara (að vera vel undirbúinn, mættur á réttum tíma, yfirferð verkefna o.fl (sumt á frekar við eldri nemendur).
- Hlutverki nemenda (að mæta á réttum tíma, vera virkur í tímum, skila á réttum tíma, sýna öðrum virðingu o.fl. – sumt á frekar við um eldri nemendur).
- Stoðþjónustu nemenda.

(Guðrún Geirsdóttir, 2012).

Við yfirferð á kennsluáætlun er einnig hægt að horfa til viðmiða Námsmatsstofnunar í ytra mati sem lýtur að námi og kennslu.

Athuga skal að engin aðferð við kennsluáætlun er hin eina rétta en fyrrnefndir þættir eru þó þættir sem huga þarf að.



Fylgiskjal 5 - mat á skólafærni- og lestrarþjálfunar námskeiði fyrir foreldra

Eftirfarandi matslisti hefur verið hafður til hliðsjónar við mat á skólafærninámskeiði fyrir foreldra nemenda í 1. bekk. Þessi listi verður uppfærður vorið 2014 í ljósi þess að þá hefst lestrarþjálfunarnámskeið fyrir foreldra samhliða skólafærninni.

Markmiðið er að gera foreldra að virkum þátttakendum í lestrarnámi barna sinna.

Skólakynningar

matsblað – haustið 2013

Það er okkur mikilvægt að geta gefið foreldrum sem bestar upplýsingar um skólastarfið. Undanfarið höfum við haldið tvo kynningarfundir fyrir foreldra væntanlegra 1. bekkinga. Sá fyrri er haldinn að vori, í apríl eða maí, og sá síðari í september í tengslum við skólakynningar kennara. Við yrðum því afar þakklát ef þið vilduð gefa ykkur smátíma til að svara nokkrum spurningum um þetta fyrirkomulag. Við munum nota svör ykkar til þess að bæta okkur.

Í maí sl. var kynningarfundur fyrir foreldra væntanlegra 1. bekkinga þar sem var stutt kynning á nokkrum helstu þáttum skólastarfsins t.d. heimasíðu skólans og þeim upplýsingum sem þar má finna, mentor, væntanlegum kennurum, stundatöflu, námsgreinum, mötuneyti og skólaskjólinu Regnboganum. Auk þess gátu nýir foreldrar skoðað skólann. Þá fengu foreldrar afhentan bækling með ýmsum gagnlegum upplýsingum um skólann.

Hvernig fannst þér þær upplýsingar sem foreldrar fengu á þeim fundi?

___ gagnlegar ___ sæmilegar ___ lítið gagn af þeim ___ ég var ekki á fundinum

Hvað finnst þér vanta?

Hvernig fannst þér þær upplýsingar sem foreldrar fengu á fundinum í september?

___ gagnlegar ___ sæmilegar ___ lítið gagn af þeim ___ ég var ekki á fundinum

Hvað finnst þér vanta eða er einhverju ofaukið?

Hvaða tími finnst þér henta best fyrir upplýsingafundi fyrir foreldra?

___ 19:30 ___ um kl. 17 ___ um kl. 20 ___ annar tími: kl. ___

Í heildina – hvernig finnst þér upplýsingagjöf til foreldra við upphaf skólagöngu barnsins?

_____ mjög góð _____ góð _____ sæmileg _____ léleg _____ mjög léleg

Er eitthvað sem þú vilt bæta við?



Fylgiskjal 6 - mat á kennslustund

Yfirleiðarljós: Framkoma við nemendur einkennist af yfirvegum, umhyggju og virðingu fyrir hverjum og einum.

Skipulag og undirbúningur

- Viðmið um árangur/hæfni eru skýr
- Markmið eru skýr
- Skipulag er gott, hugsun lögð í hvernig á að framkvæma og af hverju
- Námsgögn eru tilbúin

Upphaf

- Nemendur vita markmiðin, hvað þeir eru að læra (ekki bara hvað þeir eiga að gera)
- Kveikjur eru notaðar til að vekja áhuga
- Byggt er á fyrra námi – gjarnan rifjað upp í upphafi stundar

Uppbygging kennslustundar

- Lengd innlagna er hæfileg miðað við aldur nemenda
- Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar
- Notuð er tækni til að brjóta upp stundina s.s. talfélagi, miðakerfi (post it), hvað veit ég- hvað vil ég vita
- Gætt er að flæði kennslustundar, tíminn er vel nýttur og fylgst með hvort nemendur eru virkir
- Fylgjast með tímanum, setja tímamörk, halda hraðanum

Lok kennslustundar

- Samantekt í lok stundar – rifjað upp hvað nemendur hafa lært, hvað er framundan (eftir því sem við á)
- Leiðsagnarmat hefur átt sér stað eftir því sem við á (bleikt – grænt)

(G. Eygló Friðriksdóttir, e.d.)



Fylgiskjal 7 - sjálfsmat nemenda, frammistöðumat

Hér er fyrir aftan er dæmi um útfyllt blað vegna frammistöðumats. Þetta er mjög góður og samviskusamur námsmaður sem fyllti út þetta blað en blöðin geta verið ólík.

10HB - Nemenda- og foreldraviðtöl nóv. 2013

Umsögn kennara

Nú fer að líða að nemenda- og foreldraviðtölum haustannar. Mikilvægt er að nemendur fylli sjálfsmatið sitt út af samviskusæmi og fái foreldra sína til að hjálpa sér eftir þörfum. Fyrir nemenda- og foreldraviðtölin 12. og 13. nóvember munu kennarar fylla út sambærilegt mat um hvern nemanda og verður mat beggja aðila svo til umræðu á foreldradaginn. Mikilvægt er að nemendur séu meðvitaðir um þau markmið sem þeir settu sér í ágúst 2013 og hafi þau í huga þegar þeir fylla út frammistöðumatið.

Í fyrsta hluta frammistöðumatsins er hægt að velja milli 5 matstákna. Smellt er einu sinni í reit til að fá fyrsta táknið, aftur til að fá það næsta og svo koll af kolli. Skráð er athugasemd, ef við á, í textareit aftan við námsgreinar. Í öðrum hluta skal svara spurningum eða fullyrðingum með því að skrá í textareiti. Smellið í svarreitinn, þá birtist bendillinn og þið getið skráð svarið. Í þriðja hluta er metið með sama hætti og í fyrsta hluta líðan, skipulag, stundvísi, hegðun og heimanám og matstáknin eru þrjú. Hægt er að skrá athugasemdir aftan við hverja setningu. Ath! Munið að smella á Skrá efst eða neðst á skjánum þegar mati er lokið eða helst eftir hvern hluta fyrir sig til að vista skráninguna.

		Virkni/vinnuframlag	Framkoma/Virðing	Námsstaða	
Yndislestur	Nemandi	V	V	V	
	Kennari	V	V	V	
Íslenska	Nemandi	V	V	V	
	Kennari	V	V	V	
Enska	Nemandi	V	V	V	
	Kennari	V	V	V	
Stærðfræði	Nemandi	V	V	V	
	Kennari	V	V	V	
Þemanám	Nemandi	V	V	V	
	Kennari	V	V	V	
Íþróttir	Nemandi	V	V	V	
	Kennari	V	V	V	
Sund	Nemandi	V	V	V	
	Kennari	V	V	O	
Myndmennt	Nemandi	V	V	V	
	Kennari	V	V	V	XXX hefur metnað og getu til að leysa öll verkefni á góðan hátt.
Stærðfræði 103	Nemandi	V	V	V	
	Kennari	V	V		
Heimanám	Nemandi	V	V	V	
	Kennari	V	V	V	
<p>V = til fyrirmyndar O = Góð □ = Viðunandi</p> <p>/ = Þarfnast úrbóta X = þarfnast verulegra úrbóta</p>					

Hvað þarft þú að gera til að ná markmiðum þínum? -

xxx : Vinna jafnt og þétt.

1. Hvaða þætti varðandi námið taldir þú þig þurfa að bæta í viðtalinu í ágúst 2013? -

xxx : skipuleggja mig betur og nota tímann vel.

2. Hvað hefur þú gert til að bæta þessa þætti? -

xxx : Ég skipulegg mig fyrir hvern einasta dag og nýti tímann eftir skóla og fyrir æfingar.

3. Hvernig hefur þér gengið að ná markmiðum þínum? -

xxx : mjög vel.

Hvaða markmið settir þú þér í ágúst 2013? -

xxx: Standa mig vel í náminu og ná góðum einkunum.

Hvað hefur þú gert til að ná markmiðum þínum? -

xxx: Læra vel fyrir kennslustundir og próf.

Ef þú telur tímabært að þú setjir þér ný markmið skaltu skrá þau hér. -

xxx : Að halda áfram á þessari braut.

Líðan		
Mér líður vel í frímínútum	Nemandi	✓
Mér líður vel í kennslustundum	Nemandi	✓

Skipulag		
Ég nýti kennslustundirnar vel	Nemandi	✓
Ég mæti með viðeigandi námsgögn í kennslustundir	Nemandi	✓
Frágangur verkefna minna er góður	Nemandi	✓

Stundvísi		
Ég mæti á réttum tíma í kennslustundir	Nemandi	✓

<i>Hegðun</i>		
<i>Ég tek ábyrgð á eigin gerðum</i>	<i>Nemandi</i>	✓
<i>Ég er kurteis í tali og framkomu við aðra</i>	<i>Nemandi</i>	✓
<i>Ég fer eftir fyrirmælum starfsfólks á göngum og í mötuneyti</i>	<i>Nemandi</i>	✓
<i>Ég fer eftir fyrirmælum kennara</i>	<i>Nemandi</i>	✓
<i>Ég geng vel um skólann minn</i>	<i>Nemandi</i>	✓

<i>Heimanám</i>		
<i>Ég kem vel undirbúin/n í kennslustundir</i>	<i>Nemandi</i>	✓
<i>Það er mikið að læra heima</i>	<i>Nemandi</i>	○

✓ Oftast ○ Stundum ✗ Sjaldan



Fylgiskjal 8 - mat nemenda á kennslustund

Settu hring utan um þau orð sem best lýsa svörum þínum við spurningunum hér á eftir. Ef þér finnst ekkert passa merktu þá við það sem kemst næst svari þínu.

1. Hvað lærðir þú mikið í þessari kennslustund	Ekkert	Svolítið	Mikið
2. Hvað skildir þú mikið?	Ekkert	Svolítið	Mikið
3. Fannst þér gaman í tímanum?	Ekkert	Nokkuð	Mjög gaman
4. Lagðir þú þig fram?	Ekkert	Nokkuð	Mjög mikið
5. Fannst þér tíminn?...	Lengi að líða	Mátulega langur	Fljótur að líða
6. Fannst þér námsefnið áhugavert?	Nei	Nokkuð	Mikið
7. Hlustaðir þú á kennarann?	Sjaldan	Oftast	Alltaf

Skrifaðu hér annað sem þú vilt taka fram:

(Ingvar Sigurgeirsson, 2011)



Fylgiskjal 9 - mat á líðan nemenda

Krossaðu í dálkinn hjá karlinum sem best lýsir líðan þinni við spurningunum hér á eftir. Ef þér finnst ekkert passa merktu þá við það sem kemst næst svari þínu.

			
1. Hvernig líður þér þegar þú ferð í skólann?			
2. Hvernig líður þér þegar þú hugsar um kennslustundir?			
3. Hvernig líður þér þegar þú hugsar um bekkjarfélagana?			
4. Hvernig líður þér þegar þú hugsar um frímínúturnar?			
5. Hvernig líður þér þegar þú hugsar um íþróttirnar ?			
6. Hvernig líður þér þegar þú hugsar um matsalinn?			
7. Hvernig líður þér þegar þú hugsar um að lesa upphátt?			
8. Hvernig líður þér þegar þú ert á leiðinni heim úr skólanum?			

Könnuna er hægt að setja upp á tölvu til að auðvelda úrvinnslu.

Við gerð þessarar könnunar var höfð til hliðsjónar könnun Háteigsskóla frá 2012 á líðan nemenda í 2. - 3. bekk (Könnun á líðan nemenda í 2. - 3. bekk, 2012).